

Til þeirra er málið varðar.

Sótt er um langtímaleigusvæði fyrir söluvagn utan miðbæjarkjarna Akureyrar. Nánari staðsetningu má sjá í fylgiskjali.

Umsækjendur hafa verið í samvinnu við Norðurorku á aðra viku að kynna sér veitumál, td aðgengi að rafmagni og er komin nokkuð skýr mynd á þau mál. Kostnaður er þónokkur og reikna umsækjendur með að þurfa að borga mestan hluta þess sjálfir.

Á þessum erfiðu tímum, sem ekki sér fyrir endann á, er aukin krafa í samfélaginu um snertilaus viðskipti og hugmyndin er að koma til móts við þá kröfu með smekklefum söluskála/vagni sem afgreiðir tilbúinn mat beint í bílinn, allt í einnota bökkum og með rafrænum greiðslum. Skálinn/vagninn sjálfur verður annaðhvort á hjólum eða búkkum til þess að geta fjarlæggt hann á skömmum tíma ef leigan rennur út eða vegna annarra ástæðna. Sótt er um 12 mánaða samning en allt er skoðað.

Lágmarks breytinga er þörf á svæðinu sjálfu og er það úr alfaraleið en samt miðsvæðis svo það henntar einkar vel í svona stafsemi og raunar enginn önnur svæði í bænum með aðra eins möguleika.

Ráðgert er að 5 eða fleiri starfsmenn verði í fullri vinnu ef leyfi fæst. Það má því segja að þetta sé liður í því að fækka atvinnulausm á landinu sem eru í kringum 21.000 í dag auk um 5000 manna sem eru á hlutabótaleiðinni. Kostnaður ríkisins af því eru 6,2 milljarðar á mánuði. Kostnaður Akureyrarbæjar við að samþykkja þessa umsókn er hinsvegar enginn, bara tekjur.

Eigendur Akureyri Fish & Chips þurftu að loka starfsemi sinni á haustmánuðum 2020 vegna ástandsins en reyna nú aftur að komast í stafsemi og er þetta liður í því. Öll leyfi til veitingarekstrar voru í gildi þegar staðurinn lokaði og allir reikningar voru borgaðir svo engar skuldir hvíla á kennitölunni.

Það er einlæg von umsækjenda að umsóknin verði skoðuð með opnum hug og hún verði liður í því að koma hjólum atvinnulífsins aftur í gang á Akureyri.